



Áveitan

7. tbl. 10. árgangur. Júlí 2016

Íþróttæfingar og kvennabolti á þriðjudagskvöldum

Nú að loknu góðu leikjanámskeiði býður Umf. Þjóttandi upp á íþróttæfingar fyrir krakka 6 ára og eldri. Æfingarnar verða á íþróttavellinum við Flóaskóla á þriðjudagskvöldum frá kl. 20:30– ca 21:30. Þjálfari verður Árni Geir Hilmarsson.

Á sama tíma verða fótboltaæfingar fyrir konur á öllum aldri. Enginn þjálfari en góð stemmning. Allar konur velkomnar.

Notum nú þetta frábæra tækifæri og mætum vel bæði krakkar og konur.

Íþróttanefnd

Leikjakvöld í Einbúa-breyttur tími

Vegna íþróttæfinga á þriðjudagskvöldum færast leikjakvöldin í Einbúa nú yfir á miðvikudagskvöld kl. 20:00-21:00. Umsjónarmenn verða áfram þær Hjördís Björg Viðjudóttir og Birgitta Kristín Bjarnadóttir. Allir hressir krakkar velkomnir.

Umf. Þjóttandi

Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Ragnar Sigurjónsson
icegordon@gmail.com
S. 820-3565

lðunn Ýr Ásgeirsdóttir
idunnyr84@gmail.com
S: 865-1454

Fanney Ólafsdóttir
fanneyo@emax.is
S. 892-4155

Frá sveitarstjóra

Kæru íbúar og aðrir lesendur

Starfsemi sveitarfélagsins einkennist af árstíðabundnum verkefnum eins og hjá bændum og öðrum atvinnurekendum. Á meðan nemendur fá frí úr grunnskólanum og fáir eru þar að störfum er aftur á móti líf og fjör í Vinnuskóla Flóahrepps og mörg verkefni sem þarf að leysa. Óvenju mikil þátttaka var í Vinnuskólanum í ár og 18 starfsmenn skráðir. Það er búið að vera gaman að fylgjast með þessum duglegu krökkum og flokksstjóranum þeirra og sjá hvað þau eru samhentur, góður hópur sem hefur notið dyggrar aðstoðar starfsmanna á fasteignasviði Flóahrepps. Takk öll fyrir ykkar framlag til feegrar á umhverfinu okkar öll. Vinnuskólinn fer á milli staða í sveitinni og þátttakan í honum því líka leið til þess að kynnast sveitinni sinni. Búið er að fegra umhverfi kirkjugarðana, snyrta kringum félagsheimilin, týna rusl með vegum og við Urriðafoss, bera á timburskjólveggi og borð svo eitthvað sé nefnt. Vinnuskólanum lýkur 22. júlí.

Þjóðhátíðardagurinn var haldinn hátíðlegur með skemmtilegri dagskrá í Þingborg. Árni Geir Hilmarsson setti samkomuna og stýrði henni röggssamlega. Fjallkona ársins 2016 Margrét María Ágústsdóttir flutti ljóð og umhverfisverðlaun Flóahrepps 2016 voru einnig kynnt .

Umhverfisverðlaun Flóahrepps eru veitt eftir tilnefningar frá atvinnu og umhverfisnefnd sveitarfélagsins. Í ár eru það lögbýlið Vatnsholt 3 og fyrirtækið GB bílar í Hlíðarbrún sem hljóta viðurkenningu.

Kaffihlaðborðið var myndarlegt og samastóð af kræsingum sem gestirnir tóku með sér að heiman en kvenfélögin sáu um skipulag og frágang. Notaleg og góð stemmning í bæði í útileikjum og spjalli yfir kaffibolla á eftir.

Starfsmenn á fasteignasviði vinna nú að breytingum á kjallara Þjórarsárvers, þannig að hluti af starfsemi félagsmiðstöðvarinnar getur fluttst þangað í haust. Setja þarf neyðarútgang á rýmið til þess að uppfylla kröfur um brunavarnir. Í Flóaskóla er lokunartíminn notaður til smærri viðhaldsverkefna og til þess að bæta vinnuástöðu kennara og stjórnenda. Leikskólinn Krakkaborg lokar allan júlímánuð.

Starfsmenn á skrifstofu og á fasteignasviði skiptast á að taka frí og skrifstofan lokar vegna sumarleyfa í þrjár vikur frá 11. júlí – 29. júlí. Sveitarstjórn tekur líka sumarleyfi í júlí þannig að næsti fundur sveitarstjórnar verður 10. ágúst. Erindi sem óskað er eftir að verði tekin til afgreiðslu á þeim fundi þurfa að berast fyrir klukkan 12:00, föstudaginn 5. ágúst.

Ef brýn mál koma upp á lokunartíma skrifstofu Flóahrepps þá tekur Árni Eiríksson oddviti símann á tímabilinu 11. – 22. júlí. GSM sími Árna er 860 9135. Dagana 25. – 29. júlí er neyðarsíminn hjá Eydisi Þ. Indriðadóttur sveitarstjóra. GSM sími Eyðísar er 846 1695.

Sveitarstjóri Flóahrepps

Kirkjugarðshreinsun

Okkur í sóknarnefnd Villingaholtskirkju hefur komið til hugar að gott væri að nokkrar manneskjur gætu komið saman eina kvöld- eða dagstund til að kantskera og hreinsa eitthvað trjábeðið sem gert var fyrir kirkjuafmælið. Það hefur trassast að hirða um það og því talsverð vinna að koma því í sómasamlegt horf. Öll viljum við hafa kirkjugarðinn okkar sem fallegastan.

Þeir sem vilja leggja þessu lið hafi samband við Þórunni í síma 862-1542 eða 486-3342. Við myndum svo finna okkur tíma sem hentaði.

Með von um góð viðbrögð og bestu kveðjum.

F.h. sóknarnefndar, Þórunn á Vatnsenda.

Úrslit af íþróttamótum

Héraðsleikar og Aldursflokkamót HSK í frjálsum íþróttum fór fram í Þorlákshöfn sunnudaginn 12. júní. Samtals voru fjórir keppendur frá Umf. Þjótanda mættir á mótið en gaman hefði verið að sjá fleiri keppendur frá okkur á staðnum. Hér er árangur keppendanna okkar.

Helgi Reynisson '08	60m hlaup	11,8sek	3. Sæti
	400m hlaup	1:41,1mín	6. Sæti
	Langstökk	2,84m	2. Sæti
Hjalti Geir Jónsson '06	60m hlaup	10,1sek	1. Sæti
	400m hlaup	1:33,5mín	4. Sæti
	Hástökk	1,05m	5. Sæti
	Langstökk	3,44m	2. Sæti
Sigurjón Reynisson '05	Kúluvarp (2kg)	5,57m	5. Sæti
	60m hlaup	9,9sek	3. Sæti
	600m hlaup	2:07,5mín	2. Sæti
	Hástökk	1,10m	4. Sæti
	Langstökk	3,81m	3. Sæti
Unnsteinn Reynisson '03	Kúluvarp	6,65m	7. Sæti
	800m hlaup	3:22,5mín	4. Sæti
	Hástökk	1,20m	5. Sæti
	Langstökk	3,56m	7. Sæti

Héraðsmót fullorðinna í frjálsum íþróttum fór fram dagana 22.-23. júní á Selfossvelli. Umf. Þjótandi átti tvo keppendur á mótinu en árangur þeirra tveggja skilaði okkur 7. sæti í stigakeppni félaga. Á mótinu eignuðumst við í fyrsta sinn HSK meistara í flokki fullorðinna og það er vonandi að titlunum eigi bara eftir að fjölga. Hér er árangur keppendanna:

Stefán Narfi Bjarnason	100m hlaup	12,40sek	4. Sæti
	Langstökk	5,55m	4. Sæti
	Kúluvarp (7,26kg)	9,21m	2. Sæti
	Kringlukast (2kg)	27,37m	4. Sæti
	Spjótkast (800gr)	41,04m	3. sæti
Rúnar Hjálmarsson	Kringlukast (2kg)	34,90m	1. sæti

Meistaramót Íslands 11-14 ára fór fram á Laugardalsvelli helgina 25.-26. júní sl. Þjótandi átti einn keppanda á mótinu og var árangurinn þessi:

Sigurjón Reynisson '05	60 m hlaup	9,95 sek	7. sæti
	Hástökk	1,11 m	7. sæti
	Langstökk	3,65 m	5. sæti
	Kúluvarp	6,99 m	4. sæti
	600 m hlaup	2:01,63 mín	4. sæti

Meindýravarnir

Er byrjaður vinna sem meindýraeyðir.

Ef það er eitthvað sem ég get hjálpað þá er síminn minn 820-3565.

Ragnar í Brandshúsum

TIMBURHÓLAGRILL

Maður er manns gaman

Skógræktarfélagið Samhygð ætlar að endurvekja Timburhólagrillið og hafa heitt í kolunum í Timburhólum föstudagskvöldið 29. júlí n.k. kl. 20:00, og eins og áður þá kemur hver með fyrir sig en við sjáum um grillið, vonumst til að sjá sem flesta.

Stjórn Skógræktarfélagsins Samhygðar



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160

UPPSKRIFTARHORNID

Ég þakka henni Lilju kærlega fyrir þessa skemmtilegu áskorun. Hérna koma tvær uppskriftir sem eru ansi vinsælar í Lyngholti.

Grafið ærfillit

200 g ærfillit, gjarnan með fiturönd

1 msk. salt í flögum

1 msk. einiber

1 msk. fimm piparblanda

2 msk. steinselja

1 msk. hrásykur

Mylið einiber í mortéli, bætið piparblöndu, salti, steinselju og hráskyri út í og mylið saman. Nuddið kryddblöndunni vel inn í vöðvann. Setjið vöðvann í plastpoka og lofttæmið eins og hægt er og lokið vandlega. Látið standa í kæli í a.m.k. tvo sólarhringa. Skafið mesta kryddhjúpinn af kjötinu áður en það er skorið í þunnar sneiðar. Berið annaðhvort fram eitt og sér, eða t.d. með ostum og/eða klettasalati.

Rabbarbarapie með kókos og súkkulaði

300 gr rabbarbari

150 gr súkkulaði (hef notað Daim, Mars og Karamellufyllt súkkulaði, um að gera að nota bara það sem ykkur finnst gott)

1,5 dl sykur

Skerið rabbarbarann í þunnar sneiðar og setjið í smurt eldfast mót. Brytjið súkkulaði og setjið yfir og dreifið svo sykrunum þar ofan á.

2 stk egg

1 dl sykur

1 dl kókosmjöl

2 msk hveiti

1 tsk lyftiduft

Þeytið saman egg og sykur. Blandið hinum þurrefnunum saman við með sleif. Hellið yfir rabbarbarann og bakið við 180 gráður í ca 40 mínútur.

Berið fram heitt með vanilluís eða rjóma.

Ég skora svo á hann mág minn, Kristinn Matthías Símonarson Kolsholti 1 – Gamla bæ að koma með uppskrift í næstu Áveitu.

Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir, Lyngholti

Unglingamót HSK 15 - 22 ára í frjálsíþróttum

verður haldið á Selfossi miðvikudaginn 20. júlí og hefst kl 19:00. Gaman væri ef Umf. Þjótandi ætti marga keppendur á mótinu og hægt væri að safna í boðhlaupssveit. Þeir sem hafa áhuga á að keppa skulu hafa samband við Guðmundu á gudmunda89@gmail.com eða 846-9775 fyrir þriðjudaginn 19. Júlí.

Keppnisgreinar og flokkaskipting:

Piltar og stúlkur 15 ára: 100 m hlaup - 80 m gr. hlaup - 800 m hlaup - hástökk - langstökk - spjótkast - kúluvarp

Piltar og stúlkur 16 – 17 ára: 100 m hlaup - 100 m gr. hlaup - 800 m hlaup - hástökk - langstökk - spjótkast - kúluvarp

Piltar og stúlkur 18 – 19 ára: 100 m hlaup - 100 m gr. hlaup - 800 m hlaup - hástökk - langstökk - spjótkast - kúluvarp

Piltar og stúlkur 20 – 22 ára: 100 m hlaup - 100 m gr. hlaup - 800 m hlaup - hástökk - langstökk - spjótkast - kúluvarp - 4x100 m boðhlaup.

Unglingalandsmót UMFÍ í Borgarnesi um verslunarmannahelgina

- ◆ Munið Unglingalandsmót UMFÍ um verslunarmannahelgina.
- ◆ Frábær vímuefnalaus fjölskylduskemmtun.
- ◆ Allskonar keppnisgreinar fyrir 11-18 ára.
- ◆ Allskonar afþreying fyrir yngri og eldri.
- ◆ Allar nánari upplýsingar á www.umfi.is

Leikjakvöld unglinga á vegum Þjótanda!

Fimmtudaginn 7. júlí hefst leikjaæfingar fyrir alla fædda 2003 og eldri. Æfingarnar verða á fimmtudögum kl 20:30-22:00. Æfingarnar færast á milli staða uppá fjölbreytni og verða á eftirtöldum stöðum:

7. júlí. Þingborg

14. júlí Þjórsárver

21. júlí Skagás

28. júlí. Þingborg

4. ágúst. Félagslundi

11. ágúst. Lokaæfing staðsetning auglýst síðar.

Þjálfari verður Árni Geir (s. 898-1830) og hvetjum við sem flesta til að mæta.

Íþróttanefnd

Dagskrá mánaðarins

Íþróttæfing og kvennabolti	5. júlí
Leikjakvöld í Einbúa	6. júlí
Unglingaleikir í Þingborg	7. júlí
Íþróttæfing og kvennabolti	12. júlí
Leikjakvöld í Einbúa	13. júlí
Unglingaleikir í Þjórsárveri	14. júlí
Íþróttæfing og kvennabolti	19. júlí
Leikjakvöld í Einbúa	20. júlí
Unglingamót HSK í frjálsum	20. júlí
Unglingaleikir í Skagás	21. júlí
Íþróttæfing og kvennabolti	26. júlí
Leikjakvöld í Einbúa	27. júlí
Unglingaleikir í Þingborg	28. júlí
Timburhólagrill	29. júlí
Unglingalandsmót UMFÍ	29.-30. júlí



VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR